



Jóhanna Margrét Öxnevad

Fædd 22. maí 1936
Dáin 30. ágúst 2024

Ástvinir þakka vináttu og samúð.

Bálför fer fram síðar.

Prestur: Séra Axel Árnason Njarðvík
Organisti: Þorbjörg Jóhannsdóttir
Minningarorð: Logi Pálsson
Vísnaðsöngur: Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir
Körsöngur: Söngfélag Stóra-Núpskirkju
Umsjón útfarar: Frimann og Hálfán - Útfararþjónusta

Útför frá Stóra-Núpskirkju
laugardaginn 7. september 2024

FORSPIL

Fögur er foldin

Þjóðlag frá Slésíu

BÆN

Guð, allur heimur, eins í lágu' og háu er opin bók um þig er fræðir mig, já, hvert eitt blað á blómi jarðar smáu er blað sem margt er skrifað á um þig.

Þá morgunsólin upp í austri stígur á æðra himinljós hún bendir mér og þá er sólin hægt í vestri hnígur á hvíld og frið hún bendir mér hjá þér.

Þá allt til lífsins vorið fagra vekur það von til þín í brjósti glæðir mér og þegar aftur hausta' og húma tekur það hvetur mig að leita skjóls hjá þér.

Ó, veit mér, Guð, þín verk ég skoða megi, þau veri jafnan hjartans unun mín. Og þótt þín hátígn holdið stundum beygi mitt hjarta reisir aftur náðin þín.

Valdimar Briem / Andreas P. Berggreen

RITNINGARLESTUR

Skín, guðdóms sól, á hugarhimni mínum sem hjúpar allt í kærleiksgeislum þínum. Þú, Drottinn Jesús, lífsins ljósið hjarta, ó, lýs nú mínu trúarveika hjarta.

Þú varst mér það sem vatn er þyrstum manni, þú varst mitt frelsi' í dimmum fangaranni og vængjalyfting vona barni lágu og vorsól ylrík trúarblómi smáu.

Þú ert það lyf sem lífsins græðir sárin, sú ljúfa mund sem harma þerrar tárin, minn hugarstyrkur, hjartans meginmáttur og minnar sálar hreini andardráttur.

Í lífsins hretum fýkur flest í skjólin og frænda' og vina myrkvast kærleikssólin. Þú, Drottinn Jesús, hrelldum huga mínum átt hlífð og skjól í náðarfaðmi þínum.

Þá yfir löndin stormur geisar stríður með sterkum róm hann boðar almátt þinn og þá um vanga blærinn leikur blíður hann boðar þú sért ljúfur faðir minn.

Þá eldur skær með björtum loga brennur hann birtir skýrt að heit þín gæskan er og svalalind er sífellt áfram rennur, hún sýnir að þín miskunn aldrei þver.

Þá heyni' eg glaða himinfugla syngja, þeir hrósa þinni dýrð sem öllum skín og andvörp þau er einatt hjörtun þyngja þó upp um síðir leita, Guð, til þín.

Þú vegur eins hinn vesala og smáa og virðir jafnt þeim auðuga og háa, þú telur ei í tugum sljórra manna, þín tala' er eitt á hjörtum þúsundanna.

Ólína Andrésdóttir / Andreas P. Berggreen

RITNINGARLESTUR

Hvað bindur vorn hug við heimsins glaum sem himnaarf skulum taka? Oss dreymir í leiðslu lífsins draum en látumst þó allir vaka og hryllir við dauðans dökum straum þó dauðinn oss megi' ei saka.

Til moldar oss vígði' hið mikla vald, hvert mannslíf sem jörðin elur. Sem hafsjör er rís með fald við fald þau falla en Guð þau telur því heiðloftið sjálf er huliðstjald sem hæðanna dýrð oss felur.

Einar Benediktsson / Christoph E.F. Weyse

RITNINGARLESTUR

VÍSNASÖNGUR

Ég vissi svo vel

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson / Barbara Helsingius

GUÐSPJALL

VÍSNASÖNGUR

Sumarvísa

Iðunn Steinsdóttir / Mats Paulsson

MINNINGARORÐ

Ef einhver þig ei enn þá fundið hefur sem öllum ljós í dauðans myrkrum gefur, ó, veit þá áheyrn veikum bænum mínum og vísa þeim að náðarfaðmi þínum.

En ástin er björt sem barnsins trú, hún blikar í ljóssins geimi og fjarlægð og nálægð, fyrr og nú, oss finnst þar í eining streymi. Frá heli til lífs hún byggir trú og bindur oss öðrum heimi.

Af eilífðar ljósi bjarma ber sem brautina þungu greiðir. Vort líf sem svo stutt og stopult er, það stefnir á æðri leiðir. Og upphiminn fegri' en auga sér mót öllum oss faðminn breiðir.

Kom, huggari, mig hugga þú, kom, hönd, og bind um sárin, kom, dög, og svala sálu nú, kom, sól, og þerra tárin, kom, hjartans heilsulind, kom, heilög fyrirmynd, kom, ljós, og lýstu mér, kom, líf, er ævin þver, kom, eilífð bak við árin.

Valdimar Briem / Martin Luther

BÆN OG FAÐIR VOR

Allt eins og blómstrið eina upp vex á sléttri grund fagurt með frjövgun hreina fyrst um dags morgunstund, á snöggu augabragði af skorið verður fljótt, lit og blöð niður lagði - líf mannlegt endar skjótt.

MOLDUN

Ég lifi' í Jesú nafni, í Jesú nafni' eg dey, þó heilsa' og líf mér hafni, hræðist ég dauðann ei. Dauði, ég óttast eigi afl þitt né valdið gilt, í Kristi krafti' eg segi: Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson / Thomisson

BLESSUN

EFTIRSPIL